

Komið sæl

Mikið flýgur nú tíminn áfram. Febrúar gekk vel utan við hvað flensan helltist yfir okkur hér í Krílakoti og man ég ekki eftir öðru eins frá því ég hóf störf fyrir nær 3 árum, allt uppí 28 börn og starfsfólk voru heima vegna veikinda sama daginn. Þetta er vonandi að taka enda svo við getum tekist heilsuhraust á við marsmánuð.

Dagur leikskólans var þann 6. febrúar og þökkum við þeim sem komu að deginum á einhvern hátt kærlega fyrir og þeim sem heimsóttu okkur. Skýjaborgarforeldrar hafa verið í samtölum í febrúar og næst eru það foreldrar barna á Hólakoti sem hitta kennara sína nú í marsmánuði svo fljótlega fáið þið fundarboð.

Allt er breytingum háð :) Nú ætlar hún Arna að fara í frí frá okkur hér í Krílakoti og hefja störf í Kátakoti. Hún ætlar að taka við deildarstjórn á Mánakoti frá 7 mars og fram að sumarleyfi. Steinunn Þórisdóttir tekur við deildarstjórn á Skýjaborg meðan Arna er í leyfi. Anna Árnadóttir kemur til starfa á Skýjaborg frá 3. mars og er vinnutími hennar frá 7:45-16:00. Herdís ætlar að lengja vinnutíma sinn í 9:30—16:00 frá og með 3. mars. Halldóra og Inga Siddý ætla að skiptast á að opna 7:30 aðra hverja viku.

Nú er hann Binnir Snær hættur hjá okkur og einnig Fannar Elís og óskum þeim og fjölskyldum þeirra alls hins besta. Ný börn eru að byrja þann 3 mars. Rakel Erla byrjar á Hólakoti og systir hennar hún Alexandra Björk á Skýjaborg auk Stefaníu Lilja, Freyja Ösp og Söru.

Guðný Jóna og Iðunn yfingefa Skýjaborg og fara í fjörið á Skakkalandi.

Það verður mikið fjör í mars, bolludagur, sprengidagur og öskudagur, vetrarleikar og búningadagur auk hefðbundins starfs. Við minnum á að leikskólinn lokar klukkan 12:15 þann 7 mars vegna starfsmannafundar.

Bestu kveðjur Drífa

Foreldraráð 2013-2014

Vinum saman að velferð barna okkar og leikskólans.

Hanna Kristín (Hákon Þór)

Helga (Eyrún Hekla, Ingólfur Oddi)

Karl Ingi (Bríet Þóra)

Freyr (Þórlaug Diljá)



Uppbyggingarstefnan

Öryggi er einn af mikilvægustu þáttunum í lífi okkar allra. Öryggi í uppbyggingarstefnunni er táknað með húsi og skýringin að oftast má tengja öryggi við heimili og húsaskjól. Það er okkur mikilvægt að eiga okkur stað, að eiga fatnað, fá að borða og hreyfa okkur, fá menntun og síðar starf en eitt af því mikilvægasta er varðar öryggi er einhver einstaklingur sem við getum leitað til.

Samskipti er stór þáttur í lífi okkar allra, við erum í samskiptum við fjölskylduna, vini, og fjölskyldur þeirra, vinnufélaga og fjölskyldur þeirra, starfsfólk leikskóla og skóla og svo má lengi telja. Til að geta átt í góðum samskiptum er mikilvægt að þekkja sjálfan sig og þarfir sínar. Hver og einn einstaklingur er á sinn hátt einstakur og það ber að virða. Við leggjum áherslu á jafnrétti og að virða hvern og einn á sínum forsendum. Allir þarfnast þessa að hafa áhrif, að tilheyra einhverjum, frelsi, gleði og ekki síst öryggi til að ná fótfestu í lífinu.

Áhrif



Tilheyra



Frelsi



Gleði



Öryggi





Grænfáninn

"Allt er vænt sem vel er grænt"

Áætlaður flöggunardagur er 28. maí í öllum skólum Dalvíkurbyggðar. Ef þetta gengur upp allt saman verður sveitaferðin sama dag en samkvæmt skóladagatali er hún áætluð þann 23. maí. Við vonum að þessi breyting komi ekki að sök.

Við erum búin að kaupa moltutunnu og ætlum nú að fara í jarðgerð. Hýði utan af ávöxtum mun fara í moltutunnuna og fara börnin á Skakkalandi og Hólakoti sjálf með það út í tunnu sem verður staðsett á leikskólalóð.



Ösp er einkenni Krílakots

Víðsvegar má finna orðsendingar og mynd af Ösp sem á að minna okkur á að vernda umhverfið.

Í Krílakoti leggjum við áherslu á hollan og góðan mat

Breyting á matseðli í mars

Bolludagur—fiskibollur

Sprengidagur—saltkjöt og baunir



Foreldrafélag Krílakots
Skólaárið 2013-2014

Ágústa Kristín (Magnea Kristín)

Snæpór (Hólmar Elí)

Guðríður (Hákon Bragi)

Arnar (Daníel Ragúels)

Stöndum saman að velferð barna okkar

Veikindi barna

Leikskólinn er ætlaður heilbrigðum börnum. Veikis barn skal það dvelja heima þar til það hefur verið hitalaust a.m.k. 1-2 daga eða þar til smithætta er liðin hjá.

Sé barn ekki nægjanlega frískt til að vera úti skal það ekki koma í leikskólann nema með samþykki starfsfólks, þ.e.a.s. að foreldrar hringi og athugi hvort barnið geti verið inni þann daginn. Það er síðan ákvörðun starfsfólksins hvort slíkt er gerlegt með tilliti til starfsemi leikskólans þann daginn. Það er ekkert sem bendir til þess að börn sýkist frekar í útilofti en innandyrá og innivera í því skyni að verja þau gegn veikindum því tilgangslaus.

Lyf eru ekki gefin í leikskólum nema í sérstökum undantekningar tilfellum og þá með skriflegum leiðbeiningum frá lækni.



Söguskjóður

Á næstu dögum kemur nýtt skráningarblað í fataherbergi og hvetjum við foreldra til að skrá sig og fá lánaðar skjóður heim. Mikilvægt er að foreldrar skrái hvaða skjóðu þeir vilja fá því þeir vita best hvaða skjóður þeir eru búnir að fá og hvað ekki.

Á skráningarblaðinu kemur fram hvaða skjóður eru til en við deilum þeim með Kátakoti.





Samfella fyrir börn og unglunga - málping um skil skólastiga

Fræðsluskrifstofa Dalvíkurbyggðar ásamt leik- og grunnskólum í Dalvíkurbyggð, í samstarfi við Menntaskólann á Tröllaskaga, standa að málpingi um skil skólastiga í Menningarhúsinu Bergi á Dalvík, þriðjudaginn 4. mars kl. 16:30-18:00.

Málpingið er opið öllum án endurgjalds.

- | | |
|--------------------|---|
| 16:30-16:35 | Setning málþings
Hildur Ösp Gylfadóttir, sviðsstjóri fræðis- og menningarsviðs |
| 16:35-16:15 | Skóli á tveimur skólastigum - óþrjótandi möguleikar
Gunnþór Eyfjörð Gunnþórsson, skólastjóri Árskógar skóla |
| 16:50-17:05 | Hugmyndir bæði upp og niður
Björn Gunnlaugsson, skólastjóri Dalvíkurskóla |
| 17:05-17:15 | Eðlilegur stígandi námskrár - sameiginleg verkefni leik- og grunnskóla
Steinunn Guðnadóttir, aðstoðarskólastjóri Kátakots |
| 17:15-17:30 | Sveigjanleg byrjun
Lára Stefánsdóttir, skólameistari Menntaskólans á Tröllaskaga |
| 17:30-17:45 | Foreldrar á mörkum skólastiga
Drífa Þórarinsdóttir, skólastjóri Kríla- og Kátakots |
| 17:45-18:00 | Spurningar úr sal |

Fundarstjóri er Helga Björt Möller kennsluráðgjafi á fræðslu- og menningarsviði

VIRÐING
JÁKVÆÐNI
METNAÐ